

## Mál nr. 103/2006

M

og

Vátryggingafélagið V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar S ehf

**Slys þegar maður féll af vegg húss í smíðum þ. 13.9.2005.**

### Gögn.

1. Málskot móttakið þ.2.6.2006.
2. Lögregluskýrsla dags. 14.9.2005 ásamt ljósmyndum.
3. Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins dags. 15.9.2005 ásamt ljósmyndum
4. Tilkynning um slys dags. 14.3.2006 og læknisvottorð.
5. Bréf lögmanns M dags. 17.11. og 14.12.2005 og 1.2. og 6.2.2006.
6. Bréf V dags. 2.2.2006 og 12.6.2006.

### Málsatvik.

M var að vinna við endaraðhús nýbygginar á tveimur hæðum og féll M af innanverðum útvegg á 2. hæð hússins og lenti á dokaborðum og varð fyrir slysi en fallið var um 2 metrar. M stjórnaði steypudælu í umrætt sinn og stóð á flekamótum sem var notað sem vinnupallur/göngusliskja og hafði góða yfirsýn um vinnusvæðið að því er segir í lögregluskýrslu. M hafði lokið við að dæla enda steypuvinna búin og var á leið niður af flekamótunum þegar slysið varð og segist M hafa stigið á stífu og hafi honum skrið fótur en til að verjast falli hafi hann gripið í mótið sem hann hafi staðið á en það hafi verið laust og gefið eftir um leið og hann greip í það og hafi hann þá misst jafnvægið og fallið niður. M segist ekki hafa gert sér grein fyrir að mótið sem hann greip í væri laust. Vitni að slysinu lýsir því með sama hætti og M og segir að þegar M hafi tekið í flekamótið með annarri hendinni þá hafi það farið af stað og M misst jafnvægið. Fyrirtækið S sér um steypa upp húsið sem hér ræðir um. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemfur fram að meginorsök slyssins er talin vera sú að ekki voru notaðir viðurkenndir vinnupallar við verkið heldur ófullnægjandi búnaður án öruggra festinga, handriða og hnélista. Meðvirkandi orsök segir í skýrslu Vinnueftirlitsins að hafi verið að flekamót var reist upp á endann og notað sem stigi. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V en V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi verið í þjónustu annars aðila B og starfsmaður þess fyrirtækis en það fyrirtæki sé sjálfstæður þjónustuaðili. V heldur fram að ekki verði gerð krafa á bótum vegna slyss M þar sem að M hafi sjálfur þurft að gæta eigin öryggis enda hafi M verið vanur vinnu sem þessari. Bent er á af hálfu V að S hafi ekki húsbónda-eða verkstjórald yfri M og geti því ekki borið ábyrgð á því hvernig M vann verk sitt. Þá segir V að M hafi borið að segja S frá hafi M ekki talið sig geta unnið verk sitt á öruggan hátt og fara fram á uppsetningu eða smíði öruggra vinnupalla. Loks bendir V á að ekki sé hægt að gera þær kröfur til samsetningar steypumóta eða steypumóta í heild sinni séu örugg ferð manna enda steypumót ekki ætluð sem vinnupallar og hafi hegðun M falið í sér umtalsverða hættu á tjóni. V segir að M hafi sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn og girði það fyrir bótaskyldu S vegna umrædds slyss.

**Álit.**

Fram kemur í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins að meginorsök slyssins sé að ekki hafi verið notaðir viðurkenndir vinnupallar. Sá sem hefur með undirbúning steypuvinnu að gera í nýbyggingu eins og hér háttar til S ber skylda til að ganga svo frá að aðbúnaður sé með fullnægjandi hætti. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að aðbúnaður á vinnustað hafi ekki verið fullnægjandi og ber S ábyrgð á því. S ber því ábyrgð á því að aðstæður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi. Fam hjá því verður ekki litið að M var vanur steypuvinnu og hafði með dælingu steypu að gera á verkstað. M bar að gæta sérstakrar varúðar sem hann þykir ekki hafa gert að öllu leyti og ber hann því einnig ábyrgð á slysinu. Þrátt fyrir að M þyki bera ákveðna sök vegna eigin sakar þá verður á ber S þó meginsök í málinu vegna þess að hafa ekki fullnægjandi aðstæður svo sem að framan er lýst. Rétt þykir að tjón M verði bætt að 2/3 úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V en M beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

V bæti M tjón sitt að 2/3 úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V en M beri 1/3 tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 4.7.2006

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.